# Náms og kennsluáætlun í íslensku 2021 - 2022

# 7. bekkur

Í Aðalnámskrá grunnskóla eru hæfniviðmið í íslensku sett fram í fjórum mismunandi flokkum:

- **Talað mál, hlustun og áhorf**
- **Lestur og bókmenntir**
- **Ritun**
- **Málfræði**

Mikilvægt er að samþætta íslenskukennslu og vinna að markmiðunum í öllum flokkum til þess að nemendur geri sér grein fyrir að íslenskunám er ein heild. í Aðalnámskrá grunnskóla 2013 segir að „Málfræði og kennsla hennar megi ekki vera einangrað fyrirbæri í kennslunni heldur virk í athugun á texta og töluðu máli. Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar.

Eftirfarandi námsáætlun gerir ráð fyrir að unnið sé að eftirfarandi markmiðum í öllum flokkum íslenskunnar. Einnig eru hæfniviðmið í íslensku markvisst samþætt við upplýsingatækni, náttúrufræði og samfélagsfræði.

| Íslenska | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Tímabil | Hæfniviðmið | Námsþættir | Námsefni/kennslugögn | Leiðir | Matsviðmið/námsmat |
| **25. ágúst – 29. október** | **Talað mál, hlustun og áhorf**<br>• tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar<br>• hlustað og tekið vel eftir og greint frá aðalatriðum<br>• tjáð sig, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt kurteisi<br>• tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum | Upplestur<br>Markviss hlustun og áhorf<br>Umræður<br>Greina aðalatriði og aukaatriði<br>Færa rök fyrir máli sínu<br>Textagerð | Orðbragð þættir og verkefni unnin upp úr þeim<br>Kveðskapur<br>Í ljósi krakkasögunnar<br>Krakkakastið<br>Krakkarúv-hvar erum við núna | Lesa upphátt<br>Kynningar á verkefnum í tengslum við söguramman<br>Aldasafnið<br>Þjálfun í að tjá sig skýrt og áheyrilega,<br>Hlusta á upplestur | Framsögn ljóða<br>Verkefnum skilað á Classroom (krakkakastið, krakkarúv, orðbragð, í ljósi krakkasögunnar). |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | **Lestur og bókmenntir**<br>• lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað<br>• greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð<br>• notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta<br>• nýtt þekkingu og reynslu ásamt orðaforða við lestur og skilning á texta<br>• lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann<br>• aflað upplýsinga úr bókum og úr öðrum miðlum og nýtt við lausn verkefna<br>• greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt bókmenntalegum hugtökum svo sem tíma, sjónarhorn, sögusviði og boðskap<br>• lesið bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum<br>• beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap<br>• valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju<br>• þekkt nokkur íslensk ljóðskáld og kunni/þekki ljóð eftir þá | Boðskapur<br>Aðal- og auka persónur<br>Sögusvið<br>Þjóðsögur<br>Aðalatriði í texta<br>Rím<br>Hljóðfall<br>Líkingar<br>Stuðlar og höfuðstafur<br>Myndlíkingar<br>Persónugervingar<br>Helstu skáld íslensku þjóðarinnar<br>Vinna með, orð af orði og orð úr orði<br>Upplestur á mismunandi efni<br>Málshættir og orðtök<br>Auka orðaforði<br>Hugtakakort<br>Orðaspjall | Valdar sögur úr **Smátímasögur og Smellur 3-**eingöngu notaðar í læsi ásamt **Fólkið í blokkinni -**sagan unnin í læsi í sept - október. Samlestur og svara spurningum úr sögunni í rafræna vinnubók .<br><br>Frjálslestrarbækur að eigin vali, yndislestur og daglegur heimalestur.<br><br>**Ljóðabækur -** unnið með ljóð aðra hverja viku. | Upplestur<br>Hljóðlestur<br>Umræður<br>Lesa saman og finna aðalatriði<br>Leika ýmsan texta<br>Endursagnir<br>Ljóðagerð<br>Lesa og læra ljóð<br>Lestur heima og í skóla.<br>Bókarýni | Leshraðapróf<br>Lesskilningspróf<br>Skila Book Creator bók um Fólkið í blokkinni<br>Framsögn á ljóðum |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | **Ritun**<br>• skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd<br>• notað orðabækur<br>• notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu<br>• bætt við orðaforða sinn og unnið með ný orð á mismunandi vegu t.d. myndrænt<br>• skrifað ólíkar textategundir með viðeigandi málsniði<br>• skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga<br>• samið texta þar sem beitt er eigin sköpun og öðrum leyft að njóta<br>• skrifað texta á tölvu, beitt nokkrum aðferðum í ritvinnslu og vísað til heimilda<br>• beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar<br>• lesið texta og skoðað hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun | Endursagnir<br>Afritun á texta<br>Ritgerðir<br>Sögugerð<br>Persónulýsingar<br>Lýsingar á staðháttum<br>Bréf<br>Ljóð<br>Skrifa um upplifun t.d. tónlist, myndlist og kvikmyndir<br>Ólíkar textagerði<br>Reglur um gerð heimildaskrár<br>Unnið í ýmsum forritum á spjaldtölvur. | **Ritunarbókin** (Lasse Ekholm) – aðra hverja viku er unnið úr ritunarbókinni<br>**Mál er miðill**, grunnbók og æfingar. Ein æfing unnin í hverri viku<br>**Orðspor** lesbók og vinnubók – bókin unnin einu sinni í viku<br>Ýmislegt annað efni sem hentar<br><br>**Orðspor** lesbók og vinnubók – unnið einu sinni í viku<br>**Vefefni -**<br>Valin verkefni frá kennara<br>**Útikennsla** | Æfa vandaða skrift í öllum verkefnum<br>Skrifa sögur, persónulýsingar, ritgerðir, bréf, ljóð o.f.l sjá liðinn námsþættir | Upplestraræfingar í stafsetningu<br>Afritun<br>Sóknarskrift<br>Ritunarverkefni<br>Frágangur texta<br>Leiðsagnamat<br>Heimildaritgerð |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | **Málfræði**<br>• gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði við orðmyndun, tal, ritun og stafsetningu<br>• gert sér grein fyrir eigin máli og hafi skilning á gildi þess að bæta það<br>• áttað sig á að orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra<br>• nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnasöfnun um mál<br>• beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar<br>• nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta<br>• beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um tungumálið | Fallorð<br>Nafnorð: Kyn, tala og stofn<br>Málsgreinar og setningar<br>Greinamerki<br>Skipt milli lína<br>Bein- og óbein ræða<br>Samskipti/Boðskipti | **Málrækt 3 –** unnið einu sinni í viku<br><br>**Málið í mark-** námsvefur<br><br>**Leikir**<br><br>**Umræða**<br><br>**Malid.is** | Einkenni orðflokka<br>Skoða einkenni mismunandi texta | Skila fallbeygingarverkefni í keynote<br><br>Könnun í google forms |

Ásdís Rós Clark, Elísabet Sveinsdóttir, Ragnheiður Gísladóttir og Torfi Guðbrandsson